



Listaonurnar við verk sín, Guðrún Svava (t.v.) og Þorbjörg Höskuldsdóttir. (Tímamynd: G.E.)

Tvær listakonur sýna að Kjarvalsstöðum

— Manuela Wiesler leikur við opnun sýningarinnar

BSI — Þorbjörg Höskuldsdóttir og Guðrún Svava Svavarsdóttir opna myndlistarsýningu að Kjarvalsstöðum laugardaginn 14. mars kl. 15. Báðar sýna þær málverk og teikningar.

Sýning Guðrúnar Svövu er tívskipt, annars vegar myndraðir með olíumálverkum á striga og teikningum, hins vegar sýnir hún

stök málverk. Guðrún Svava stundaði nám í Myndlistarskólanum í Reykjavík og síðar við Stroganov-akademíuna í Moskvu. Þetta er önnur einkasýning Guðrúnar Svövu.

Þorbjörg sýnir olíumálverk og teikningar af ýmsum stærðum Þorbjörg stundaði nám í Myndlistaskólanum í Reykjavík og við

Akademíuna í Kaupmannahöfn. Hún hefur haldið 2 einkasýningar og tekið þátt í mörgum sam-sýningum bæði hér heima og erlendis.

Við opnun sýningarinnar mun Manuela Wiesler leika á flautu. Sýningin verður opin daglega kl. 14-22 dagana 14. — 22. mars.

Nú stendur yfir:

Sólrisuhátíð á Ísafirði

AB — Nú stendur yfir hin árlega Sólrisuhátíð á Ísafirði, sem Listafélag Menntaskólans á Ísafirði gengst fyrir. Stendur hátíðin í eina viku, eða 8. til 15. mars. Dagskráin er að venju fjölbreytt, og býður hátíðin bæði upp á menningarlega skemmtun og kynningu. Hér á eftir verður greint frá nokkrum atriðum á Sólrisuhátíð.

Fyrst er að geta þess að M.I. fékk Alþýðuleikhúsið í heim-sókn, og sýndi það „Pældi“ í gær og í fyrradag.

Eins og getið var um í Tímanum í gær fór Háskólakórinn vestur á firði, gagnert til þess að syngja á Sólrisuhátíð og á fleiri stöðum. Tónleikar kórsins á Sólrisuhátíð eru í dag kl. 17 í Alþýðuhúsinu á Ísafirði. Efniskrá tónleikanna einkennist af íslenskum verkum.

Þá fer fram kynning á skólastarfsemi M.I. í tengslum við Sólrisuhátíð. Menntaskólahúsið verður í dag frá 10.30 til kl. 15.00

opnað almenningi og verða þar kynntir nokkrir þættir úr skóla-lifinu.

A sama tíma verður samfelld dagskrá á bókasafni skólans, þar sem nokkrir nemendur munu ganga í hlutverk kennara og leitast við að kenna gestum nokkuð af því, sem þeir hafa verið að læra undanfarið.

A bókasafni Ísafjarðar verður í dag opnað grafksýning Jóhönnu Bogadóttur, og er sýning þessi einnig í tengslum við Sólrisuhátíð. Jóhanna mun sýna nýjar myndir, allar unnar á síðasta og þessu ári. Jóhanna verður viðstödd opnun sýningarinnar ef veður leyfir.

Annað kvöld verður kvöldskemmtun í Alþýðuhúsinu og hefst hún kl. 21. Hljómsveitin „Þeyr“ mun leika, og 8 manna söngflokkur frá Ísafirði ætla að syngja fyrir gesti nokkur lög úr Meyjarskemmuni eftir Schubert. Þetta verður skemmtun fyrir alla aldurshópa.

Umsjónarfélag einhverfra barna:

Heldur á morgun köku- og blómabasar að Hallveigarstöðum

Opnar basarinn kl. 14.00

Umsjónarfélag einhverfra barna var stofnað árið 1977. Eitt af aðalmarkmiðum félagsins hefur verið stofnun meðferðarheimilis fyrir einhverf (geðveik) börn. Þau þurfa flest ævilanga meðferð, sem foreldrar einir geta ekki veitt.

Ríkið hefur nú fest kaup á húseigninni Trönuhólum I og verður þar starfrækt meðferðarheimili fyrir einhverf börn,

fyrsta sinnar tegundar á landinu. Umsjónarfélag einhverfra barna er að hluta til ábyrgt fyrir lokaframkvæmdum við heimilið. Félagið aflar fjár með ýmsu móti í þessu skyni og meðal annars fengið viðurkenningu skattfirvalda á skattfrelsi framlaga til heimilshjós félagsins.

Giróreikningur félagsins er

nr. 41480-8.

Margir hafa stutt félagið með framlögum, bæði einstaklingar og hópar, nú síðast hefur Kvenfélagið Hringurinn heitið ríkulögum stuðningi við félagið. Félagskonur hafa alltaf haft það á stefnuskrá sinni að hlú að veikum börnum, eins og Barnaspítali Hringins og Geðeild Barnaspítala Hringins bera

vott um.

Sunnudaginn 15. mars heldur Umsjónarfélag einhverfra barna köku- og blómabasar. A-góðinn rennur til meðferðarheimilisins. Basarinn hefst kl. 14.00 að Hallveigarstöðum við Túngötu. Þeir sem leggja leið sína þangað á sunnudaginn munu vafalaust freistast af gómsætum kökum og efnilegum pottablómum.

Tónleikar

Dagnýjar

Björgvinsdóttur

Sunnudaginn 15. mars, kl. 3 síðdegis verða burtfararprófstónleikar í sal Tónlistarskólans í Reykjavík. Dagný Björgvinsdóttir tekur burtfararpróf í pianóleik frá skólanum og verða verk eftirtalinnna höfunda á efniskránni:

J.S. Bach, Schubert, Chopin og Sjostakovitsj. Dagný er nemandi Margrétar Eiríksdóttur og mun hún einnig ljúka pianókennaraprófi frá Tónlistarskólanum í vor. Öllum er heimill aðgangur meðan húsrúm leyfir.

BARNABÓKA-DAGAR

Bókhöðunnar

Laugavegi 39

Guðni Kolbeinsson kynnir börnunum bækurnar um Herramennina í dag kl. 3 í Baðstofu Bókhöðunnar.

13.—28. marz



Þúsundir barnabóka á mjög góðu verði

